



Alþingi  
**Velferðarnefnd**  
Sent rafrænt á nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 18. febrúar 2022

**Efni: Mál 37, heiti stofnunar, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu**

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð telur tillögu um breytingu á nafni stofnunarinnar vera mikið fagnaðarefni. Stofnunin hefur frá upphafi þurft að burðast með langt nafn. Til að vinna með þetta langa nafn var lögð til stytting á nafni stofnunarinnar m.a. í reglugerð um úthlutun hjálpartækja á vegum stofnunarinnar og notað heitið „Miðstöð“, sem er heldur ekki heppilegt þar sem sú stytting gefur ekki til kynna hvaða miðstöð um ræðir.

Sjónstöðin eins og lagt er fram í frumvarpinu er stutt og lýsandi nafn sem augnlæknar þekkja frá fyrri tíð en það eru þeir sem vísa fólki í þjónustu til okkar. Jafnframt auðveldar nafnbreytingin allt kynningarefni fyrir stofnunina þar sem enginn getur munað nafnið okkar öðru vísi en “stofnunin með langa nafnið”.

Stofnunin tekur heilshugar undir nafnbreytinguna.

F.h. Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar  
Elfa Svanhildur Hermannsdóttir, forstjóri